

Viðauki VI

Viðmið um mat á verkefni í brothættri byggð

Í viðauka þessum eru lögð drög að ramma eða viðmiðum um mat á framkvæmd einstakra verkefna í Brothættum byggðum.

Í fyrsta lagi er lagt til að lagt sé fyrir nokkurs konar sjálfsmat með skipulegum hætti, það er mat verkefnisstjórna ásamt verkefnisstjóra á verkefninu, en þó er gert ráð fyrir að leitað verði til samstarfsaðila um þátttöku í matinu eftir því sem það er gerlegt og raunhæft. Það hverjir eru fengnir til að leggja hönd á plóg við matið er misjafnt á milli matsþátta og fer eftir eðli þeirra. Í matinu er gefin einkunn 1 fyrir mjög lítinn árangur en 5 stendur fyrir framúrskarandi árangur.

Í öðru lagi að leggja fyrir nokkuð ítarlega viðhorfakönnun meðal íbúa í upphafi hvers verkefnis og aftur fljótlega eftir að Byggðastofnun hefur dregið sig í hlé úr verkefni. Í þeirri viðhorfakönnun eru spurningar um viðhorf til verkefnisins Brothættra byggða en einnig um viðhorf til samfélagsins frá ýmsum sjónarhornum. Í þessum könnunum er meðal annars stuðst við spurningar úr skýrslu um rannsókn Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar, *Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum*¹, sem var gefin út af Háskólanum á Bifröst í ágúst 2024.

Í þriðja lagi má nefna ýmsa viðleitni til að leggja mat á verkefnið og árangur af því. Dæmi eru:

- Rýnihópaviðtöl geta gefið góða mynd af viðhorfum þátttakenda í verkefninu til þess. Dæmi um það eru rýnihópaviðtöl við þátttakendur í verkefninu *Öll vötn til Dýrafjarðar* á Þingeyri.²
- Sértekur kannanir um viðhorf tiltekinna hópa til verkefnisins. Dæmi eru kannanir meðal þeirra sem hlotið hafa styrki úr frumkvæðissjóðum Brothættra byggða.
- Formlegar úttektir á verkefninu Brothættar byggðir af hálfu stjórnvalda eða Byggðastofnunar.³
- Þátttaka fulltrúa verkefnisins hjá Byggðastofnun og/eða verkefnisstjóra Brothættra byggða í hvers kyns rannsóknum og rýnihópaviðtölum svo sem í norrænu samstarfi.
- Rannsóknir háskólanema eða annars háskólafélks á byggðaaðgerðum og byggðapróunarverkefnum þar sem Brothættar byggðir eru teknar sem viðfangsefni.

Í eftirfarandi köflum verður fjallað nánar um liði 1 og 2, það er sjálfsmat og viðhorfakannanir meðal íbúa.

1. SJÁLFSMAT Á VERKEFNINU Í EINSTÖKUM BYGGÐARLÖGUM

1.1. MATSPÆTTIR ER TENGJAST MARKMIÐUM VERKEFNISINS UM BROTHÆTTAR BYGGÐIR Á LANDSVÍSU

¹ <https://www.byggdastofnun.is/static/files/Byggdarannsóknir/sky-769-rsla.pdf>

² https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/Thingeyri/rynihopavidtol-25.-jan.-2022-lokaeintak-til-birtingar.pdf

³ <https://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/mat-a-framkvaemd-og-framvindu-brothaetta-byggda>

Í þessum lið er reiknað með að verkefnisstjóri (ef við á), verkefnisstjórnir og forsvarsmenn þeirra aðila sem standa að verkefninu, svari spurningunum.

Matspáttur: markmið verkefnisins í heild	1	2	3	4	5
Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.					
Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.					
Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsörðun málefna.					
Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.					
Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs:

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Íbúum byggðarlagsins heldur áfram að fækka og aldursdreifing hefur færst fjær meðalaldursdreifingu landsmanna á verkefnistímanum. Íbúar hafa sýnt lítið frumkvæði varðandi hugmyndir og úrvinnslu þeirra (verkefni). Íbúar hafa mætt illa á íbúaping/fundi og hafa því ekki nýtt sér möguleika á forgangsörðun málefna. Ekki hefur náðst að stilla saman strengi mismunandi aðila við leit að lausnum, né heldur hvað varðar ákvarðanir. Ekki hefur tekist að greina og vinna úr viðfangsefnum sem eiga við flest byggðarlögin á landsvísu eða í mörgum brothættum byggðum (dæmi gæti verið fjarskiptamál).	Íbúum byggðarlags hefur ekki fækkað eða þeim fjölgað síðustu ár og aldursdreifing orðin líkari þeirri dreifingu sem er á þjóðinni í heild. Íbúar hafa sýnt mikið frumkvæði og taka þátt í hugmyndavinnu og verkefnum. Þeir hafa mætt vel á íbúaping og íbúafundi og þannig nýtt sér aðstöðu til að hafa áhrif, þ.m.t. á forgangsörðun málefna. Tekist hefur að stilla saman strengi helstu hagsmunaaðila einstakra verkefna og fá þá til að samræma aðgerðir eftir því sem tæk eru á. Það á einnig við um verkefni sem eiga við flest byggðarlögin á landsvísu, svo sem til dæmis húsnæðismál eða fjarskiptamál.

1.2. MATSPÆTTIR ER VARÐA FRAMKVÆMD VERKEFNISINS Í BYGGÐARLAGINU

Í þessum lið er lagt mat á framkvæmd verkefnisins í byggðarlaginu, meðal annars með hliðsjón af þeim leiðbeiningum sem Byggðastofnun gefur í verkefnislýsingu Brothættra byggða.

Greining á stöðu byggðarlags

Hér er metið hversu vel var staðið að því að greina stöðu byggðarlagsins, ekki síst með það fyrir augum hvort stöðugreining muni nýtast við að móta verkefnið í framhaldinu.

Mat á stöðugreiningu á einkum við ef verkefni er í mótun eða komið tiltölulega skammt á veg í þriðja áfanga. Reiknað er með að verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjóra gefist kostur á að svara spurningum einnig og geti þannig greint möguleg áberandi frávik á eigin mati og mati verkefnisstjórnar.

Matspáttur: greining á stöðu byggðarlags	1	2	3	4	5
Greining er skýr og tekur á aðalatriðum helstu málaflokka. Gerður er greinarmunur á ytri og innri málefnum.					

Tekið er saman yfirlit um hvernig helstu áætlanir snerta hagsmuni byggðarlagsins.					
Farið er yfir horfur í helstu áhrifabáttum er varða byggðarlag, svo sem lagaumhverfi, efnahagslíf og fleira.					
Dregnar eru ályktanir af greiningum sem geta nýst þegar verkefnið er mótað á síðari stigum.					
Líkur á að greining hafi eða muni nýtast við stefnumótun og skilgreiningu verkefna.					

Einkunnir eru gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Niðurstöður greiningar eru óskipulegar og óskýrar ekki stuðst við þekktar greiningaraðferðir. Lítið hefur verið rýnt í áætlanir er varða byggðarlagið, svo sem sóknaráætlun, skipulag, vegaáætlun og svo framvegis. Ekki hefur verið gerð tilraun til að spá fyrir um framtíð í mikilvægustu ytri þáttum áhrifabáttum er varða byggðarlagið, né heldur meta mikilvægi breytinga. Ekki hefur verið gerð tilraun til að draga ályktanir um forgangs röðun eða helstu tækifæri eða ógnanir byggðarlags í ljósi greiningar.	Niðurstöður greiningar eru skýrar og fjalla á skipulegan hátt um helstu málaflokka og áhrifabætti. Greining tekur saman snertifleti við helstu áætlanir svo sem sóknaráætlun, skipulag, vegaáætlun og fleiri áætlanir. Reynt er að meta líkur og áhættu tengda breytingum í ytri þáttum mikilvægra málaflokka. Niðurstöður eru teknar saman og af þeim dregnar ályktanir um tækifæri og ógnanir. Greiningin er til þess fallin að nýtast vel í verkefninu um brothætta byggðir í viðkomandi byggðarlagi.

Skilgreining verkefnis og samkomulag verkefnisaðila

Hér er metið hversu vel skilgreint samstarf aðila í verkefninu er og hvort um það hefur verið gerður formlegur samningur meðal annars.

Reiknað með að forsvarsmenn samstarfsaðilanna, þ.e. samningsaðila verkefnisins svari spurningunum.

Matspáttur: skilgreining samstarfs í verkefninu	1	2	3	4	5
Hlutverkaskipting og ábyrgð					
Skuldbinding samningsaðila og framlög					
Ávinningur samningsaðila					
Formlegur samningur					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs, en einkum ber að líta til leiðbeininga í verkefnislýsingu Brothættra byggða og viðaukum við hana á vef Byggðastofnunar:

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Skilgreining hlutverks og ábyrgðar aðila að verkefninu er ekki fyrir hendi eða mjög óskýr.	Skilgreining hlutverks og ábyrgðar er skýr og um hana ríkir góð sátt.

Ekki kemur skýrt fram hver skuldbinding aðila er, né hvað þeir ætla að leggja af mörkum til verkefnisins. Ekki kemur fram hver helsti ávinningur samstarfsaðilanna er af verkefninu. Ekki liggur fyrir formlegur samningur um verkefnið.	Fram kemur á skýran hátt hver skuldbinding aðila er og hvað hver og einn mun leggja af mörkum. Fram kemur hver helsti ávinningur hvers aðila um sig af þátttöku í verkefninu er. Formlegur samningur sem inniheldur m.a. umfjöllun um ofangreind atriði liggur fyrir.
--	---

Þátttaka íbúa og framkvæmd íbúapings

Hér er metið hversu mikinn áhuga íbúar sýndu þinginu, hversu vel tókst til með framkvæmd íbúapings og hversu líklegt er að árangur af því nýtist verkefninu í framtíðinni. Spurt er meðal íbúa eða a.m.k. meðal fulltrúa íbúasamtaka í verkefnisstjórn. Einnig er gert ráð fyrir að verkefnisstjóri svari spurningunum (ef við á).

Matspáttur: framkvæmd íbúasamráðs í byggðarlagi	1	2	3	4	5
Mæting á íbúaping/íbúafundi					
Þátttaka í umræðum					
Eðli umræðu					
Afrakstur í formi leiðbeininga/hugmynda					
Skuldbinding þátttakenda					
Samantekt á umræðum og niðurstöðu					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs en eftir því sem við á ber að líta til leiðbeininga á vef Byggðastofnunar:

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Innan við 10% íbúa mættu á íbúaping og þátttakendur héldu sig heldur til hlés í umræðum. Umræðan snerist einkum um neikvæða hluti og jafnvel persónulegar erjur. Umræðan snerist einkum um smáatriði og lítið er á henni að græða fyrir framtíð byggðarlagsins. Fáir þátttakendur lýstu yfir vilja til að starfa áfram að málum sem rædd voru. Samantekt á niðurstöðum er tiltölulega losaraleg og erfitt að sjá fyrir sér að hún nýtist verkefnisstjórn/verkefnisstjóra í framhaldinu.	Yfir 25% íbúa mættu og tóku virkan þátt í umræðum. Umræðan var málefnaleg, auðug af hugmyndum og mjög lausnamiðuð. Reifuð voru mál, stór og smá, en aðalatriðum haldið til haga. Fjölmargir þátttakendur eru líklegir til að leiða verkefni eða taka þátt í framkvæmd þeirra í framhaldinu. Samantekt á niðurstöðum er skilmerkileg og fullvíst að samantektin nýtist vel í mótun framtíðarsýnar og stefnu, svo og við mótun verkefnastofns.

Stefnumótun og markmiðssetning

Hér er metið hversu vel hefur tekist til við að móta stefnu á grunni greiningar og niðurstaðna íbúapings og hvort tekist hefur að setja verkefninu markmið með skilgreinda og samþykkt ábyrgð, viðeigandi, tímasett, mælanleg og raunhæf markmið.

Mat á stefnumótun á einkum við í lok annars áfanga og í fyrri hluta þriðja áfanga en rétt er að huga að þessum þætti út líftíma verkefnisins í ljósi þess að stefnumótun er tekin til skoðunar að lágmarki einu sinni á ári. Reiknað með að verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum.

Matspáttur: Mótun stefnu og markmiða	1	2	3	4	5
Framtíðarsýn					
Meginmarkmið					

Starfsmarkmið					
Mælikvarðar					
Skilgreining verkefna					
Virðisdeðja (e. logical model ⁴)					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Ekki hefur verið mótuð framtíðarsýn fyrir byggðarlag/verkefnið Brothættra byggðir, eða hún er flókin og óljós. Ekki hafa verið mótuð meginmarkmið sem styðja framtíðarsýn eða þau eru óskýr og skarast verulega. Ekki hafa verið mótuð starfsmarkmið eða að þau hafa ekki skýra tilvísun í meginmarkmið. Þau eru óraunhæf, ábyrgðarskilgreining óljós og ekki samþykkt af ábyrgðaraðila eða tímamörk óraunhæf eða óljós. Mælikvarðar hafa ekki verið skilgreindir eða þeir eru mjög matskenndir. Ekki liggja fyrir hugmyndir að aðgerðum sem geta orðið grunnur einstakra verkefna. Ekki hefur verið gerð tilraun til að móta virðisdeðju fyrir verkefnið í heild.	Framtíðarsýn er einföld og skýr og tekur á mikilvægustu þáttum greiningar og umræðu á íbúðapingi. Meginmarkmið eru skýr og skilgreina mikilvæga áherslumálaflokka sem styðja framtíðarsýn. Starfsmarkmið eru skýr og hafa sterka skírskotun í meginmarkmið. Þau eru raunhæf með skilgreinda og samþykkt ábyrgð, tímasetningu og mælikvarða. Skilgreindir hafa verið raunhæfir mælikvarðar fyrir verkefnið í heild og einstök starfsmarkmið í stefnu þess. Í tengslum við starfsmarkmið hafa verið mótaðar hugmyndir að aðgerðum og einstökum verkefnum sem geta orðið eða eru hluti verkefnastofns Brothættra byggðir í byggðarlaginu. Dregin hefur verið upp tiltölulega einföld og skýr mynd af virðisdeðju fyrir verkefnið í heild. Þar koma öll helstu aðalatriði fram.

Verkefnastofn

Hér er metið hversu vel hefur tekist til við að móta verkefnastofn⁵ á grunni stefnumótunar og hversu líklegur verkefnastofn er að skila samfélaginu í átt að framtíðarsýn fyrir verkefnið. Einnig er horft til þess hvort utanumhald með verkefnastofni er þess eðlis að auðvelt sé að gefa yfirlit yfir stöðu einstakra verkefna og verkefnisins í heild á hverjum tíma.

Mat á verkefnastofni á við í þriðja og fjórða áfanga verkefnisins. Reiknað með að verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum.

Matspáttur: Verkefnastofn	1	2	3	4	5
Skilgreining verkefna					
Vörður og markmið					
Yfirsýn yfir stöðu einstakra verkefna og verkefnis Brothættra byggða í heild					
Samstarf					

⁴ Virðisdeðja er hér notað yfir enska hugtakið „Logical model“, það er form sem sýnir samhengi milli þess hvað áætlað er að leggja til verkefnis, til hvers verkefnis nær og hvaða árangri stefnt er að.

⁵ Verkefnastofn er heiti yfir safn verkefna sem eiga það sameiginlegt að styðja við þá framtíðarsýn sem stefnt er að í viðkomandi verkefni/byggðarlagi.

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Ekki hafa verið skilgreind verkefni eða verkefni eru flest illa afmörkuð og skilgreining þeirra óljós. Ekki hafa verið skilgreind markmið og/eða vörður fyrir einstök verkefni. Ekki er til staðar yfirlit yfir verkefni í verkefnastofninum og stöðu þeirra á hverjum tíma og erfitt að kalla það fram nema með mjög mikilli fyrirhöfn. Flest verkefni verkefnastofns eru staðbundin og leiða varla til samstarfs sem ekki var þegar fyrir hendi.	Verkefni í verkefnastofni eru þó nokkur og í rökréttu samhengi við viðkomandi starfsmarkmið. Þau eru skilgreind með skýrum og afgerandi hætti, tímasetningar og ábyrgð skýr. Markmið og vörður hafa verið skilgreind og einnig raunhæfir mælikvarðar fyrir verkefnið. Á hverjum tíma er auðvelt að kalla fram heildaryfirlit yfir stöðu verkefna og verkefnastofnsins í heild. Einstök verkefni í verkefnastofni eru góð dæmi um öflugt og víðtækt samstarf og samræmingu aðgerða heimaðila, stoðkerfis og ríkisvalds í þágu sterkara samfélags.

Nýting fjármuna til frumkvæðisverkefna

Hér er metið hversu vel hefur tekist til við að úthluta fjármunum til frumkvæðisverkefna og hversu vel er ætlað að fjármunirnir muni nýtast til að styrkja sókn í átt til framtíðarsýnar.

Mat á nýtingu fjármuna á við í þriðja og fjórða áfanga verkefnisins. Reiknað með að verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum. Einnig er gert ráð fyrir að ábyrgðarmenn einstakra verkefna sem hlotið hafa stuðning svari spurningunum.

Matspáttur: Nýting fjármuna til frumkvæðisverkefna	1	2	3	4	5
Úthlutunarferli					
Gæði verkefna					
Nýting fjármunanna					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Úthlutunarferli er óskipulagt og ógegnsætt og varla líklegt til að skapa sátt og auka frumkvæði í verkefni Brothættra byggða. Verkefni sem hljóta stuðning eru sundurleit og tæpast hægt að tala um að þau styðji framtíðarsýn og markmið verkefnisins Brothættra byggða. Jafnvel leikur vafi á hvort úthlutun er í samræmi við reglur Brothættra byggða. Fjármunirnir nýtast seint og illa og mörg verkefni ná ekki í mark.	Úthlutunarferli er gegnsætt og líklegt til að skapa sátt og auka frumkvæði í verkefni Brothættra byggða. Verkefni sem hljóta stuðning falla vel að framtíðarsýn og markmiðum verkefnisins Brothættra byggða. Mörg þeirra laða fram samstarf aðila sem annars hefðu tæplega séð ástæðu til þess. Ötullega er unnið að verkefnum og líklegt að flest þeirra nái markmiðum og/eða nýti fjármunina að fullu samkvæmt áætlun.

Samráð við íbúa og þátttaka þeirra á verkefnistímanum

Hér er metið hversu vel hefur tekist til við að virkja íbúa og auka frumkvæði.

Mat á þessum þætti á einkum við í þriðja og fjórða áfanga. Reiknað með að verkefnisstjóri, verkefnisstjórn og forsvarsmenn samstarfsaðilanna svari spurningunum, þar með talið fulltrúar íbúasamtaka. Einnig er gert ráð fyrir að ábyrgðarmenn einstakra verkefna sem hlotið hafa stuðning svari spurningunum.

Matspáttur: Samráð við íbúa og þátttaka íbúa	1	2	3	4	5
Samráð verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra við íbúa					
Þátttaka íbúa					
Frumkvæði					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en einkum ber að líta til verkefnislýsingar Brothættra byggða og viðauka á vef Byggðastofnunar.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Verkefnisstjórn og verkefnisstjóri leika einleik og hefur ekki tekist að ná eyrum eða áhuga íbúa. Þátttaka íbúa takmarkast við fá grasrótarverkefni og áhugi og frumkvæði íbúa eru mjög takmörkuð.	Verkefnisstjórn tekst að upplýsa íbúa og fá þá til skoðanaskipta um einstök verkefni og verkefnið í heild. Þátttaka íbúa er framar vonum og þeir sýna talsverðan áhuga og frumkvæði í verkefninu.

Samstarf í verkefnisstjórn og stuðningur við verkefnisstjóra

Hér er metið hversu vel hefur tekist til við starf verkefnisstjórnar og samstarf hennar við verkefnisstjóra (ef við á).

Mat á þessum þætti á við um annan til fjórða áfanga. Reiknað með að verkefnisstjóri og verkefnisstjórn svari spurningunum.

Matspáttur: Samstarf í verkefnisstjórn	1	2	3	4	5
Samstarf í verkefnisstjórn					
Samspil verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra					

Einkunnir eru þá gefnar á bilinu 1-5 eftir metnum árangri/stöðu (5 hæsta einkunn). Til viðmiðunar má nýta eftirfarandi lýsingu einkenna frammistöðu og árangurs í töflu hér að neðan en hér verður hver og einn að meta einkunnagjöf á eigin forsendum með hagsmuni verkefnisins í huga.

Einkenni verkefnis sem fær lága einkunn	Einkenni verkefnis með háa einkunn
Verkefnisstjórn er fremur lítið áhugasöm og sundurlynd. Umræða festist gjarnan í smáatriðum og ekki er gerð tilraun til að laða fram aðalatriði í umræðu og taka stefnumótandi ákvarðanir. Verkefnisstjóri þarf alfarið að treysta á eigin getu og dómgreind og fær litla endurgjöf frá verkefnisstjórn.	Verkefnisstjórn er samhent í leit að tækifærum fyrir viðkomandi samfélag. Fulltrúar í verkefnisstjórn líta á það sem hlutverk sitt m.a. að koma með endurgjöf og ábendingar þegar við á, en ávallt á jákvæðum og uppbyggjandi nótum og með lausnir í huga. Verkefnisstjóri getur treyst á að verkefnisstjórn veiti aðhald og stuðning á hreinskiptinn hátt.

2. VIÐHORFAKÖNNUN Í UPPHAFI OG LOK HVERS VERKEFNIS

Því fyrirkomulagi var komið á í lok árs 2024 að framkvæma könnun í upphafi, eða áður en verkefni hefst í byggðarlagi og aftur eftir að Byggðastofnun hefur dregið sig í hlé. Könnunin er nokkuð ýtarleg og þar eru bakgrunnsspurningar, spurningar um viðhorf til samfélagsins og byggðarlagsins, viðhorf til mögulegs flutnings úr byggðarlaginu tímabundið eða fyrir fullt og allt. Að auki eru spurningar sem lúta að annars vegar væntingum til komandi verkefnis og hins vegar að mati á árangri verkefnis í því tilviki að Byggðastofnun er að draga sig í hlé úr verkefni. Gert er ráð fyrir að í könnuninni séu meðal annars spurningar sem ætlað er að varpa ljósi á félagssálfræðilega þætti og var í því sambandi leitað í smiðju Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar, sbr. inngang í upphafi skjalsins. Markmiðið með því að spyrja þessara spurninga er að fá gögn sem gætu nýst við að varpa ljósi á það hvort viðhorf íbúa til síns byggðarlags og samfélags geta skýrt mun á árangri í byggðaþróunarverkefninu Brothættum byggðum.

Mikilvægt er að könnunin sé framkvæmd þannig að sem mest þátttaka náist en þó er lagt upp með það að í flestum tilvikum nægi að auglýsa könnunina vel í byggðarlagi og dreifa um leið tengli á könnunina. Þannig er því treyst að íbúar svari einungis einu sinni og ekki verði misvísandi niðurstöður vegna mögulegrar misnotkunar á þessum opna aðgangi.

Mikið er lagt upp úr að gera könnunina einnig aðgengilega á þeim erlendu tungumálum sem helst eru notuð í viðkomandi byggðarlagi.